



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Umsóknir í þróunar- og nýsköpunarsjóðinn B hluta - Látum draumana rætast*

Samtals bárust 40 umsóknir og óskað var styrkja fyrir um 200 milljónir kr. en til úthlutunar eru 50 milljónir kr.

Úthlutunarnefndir hafa hist og leggja fram meðfylgjandi tillögu að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni leikskóla fái kr. 5.500.000

Þrjú verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái samtals kr. 14.200.000

Fimm verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái samtals kr. 8.100.000

Átta samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að upphæð samtals kr. 22.200.000

Samtals 18 verkefni, kr. 50.000.000.-

Tillögur eru byggðar á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs vegna styrkja í B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs „Látum draumana rætast“.

Það verkefni sem mælt er með að fái hæsta styrkinn er Fab lab verkefnið *Skapandi námssamfélag í Breiðholti* fái kr. 6,500.000.- Verkefnið er samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík (Þjónustumiðstöðvar Breiðholts), Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, Háskóla Íslands, Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmiðju HÍ.

Mælt er með að verkefnið *Austur-Vestur*, sem eru sköpunar og tæknismiðjur í grunnskólastarfi, fái 5,700.000.- Verkefnið er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla, Selásskóla og Háskóla Íslands.

Þá er lagt til að kr. 5,500.000. fari til verkefnisins *Það þarf heilt þorp; samstarfsverkefni um félagsfærni og sjálfsefningu* sem er samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Bakkahverfinu í Breiðholti.

Mælt er með að *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag* sem er yfirskrift samstarfsverkefnis sex leikskóla sem dreifast um borgina og unnið er í samstarfi við Rannung fái styrk að upphæð kr. 5.000.000.-

Lagt er til að *Skólafélagsfærni PEERS* með þátttöku nokkurra grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, þjónustumiðstöð hverfisins ásamt einni félagsmiðstöð og einu frístundaheimili fái 4,000.000.-

Einnig er mælt með að verkefnið *Rafípróttir í 110 og 113* fái kr. 3.500.000. en það verkefni er samstarfsverkefni frístundamiðstöðvarinnar Ársels, íþróttafélagsins Fylkis, þjónustumiðstöðvar Árbæjar og grunnskólanna í Árbæ, Grafarholti, Norðlingaholti og Úlfarsárdal.

Lagt er til að verkefnið *Útivist og útinám í Grafarvoginum* með þátttöku allra frístundaheimila í hverfinu fái kr. 3.000.000.-

Ellefu verkefni fái lægri styrki, sbr. meðfylgjandi yfirlit.